

Hafa skal það sem sannara reynist

Snædís Ögn Flosadóttir



Umræða um hækkandi lífaldur hefur vart farið fram hjá neinum. Annað eins jákvætt vandamál er vandfundid og því nánast slegið upp í gríni að ef okkar stærsti vandi sé orðin hvað við lifum vel og lengi sé nú ekki ástæða til að hafa áhyggjur.

Vissulega er það svo að við sem erum svo heppin að búa við sjóðasöfnunarkerfi þegar kemur að lífeyrismálum í stað gegnumstreymiskerfis deilum ekki sömu áhyggjum og nágarnar okkar á meginlandinu hvar gegnumstreymiskerfi er stærri hluti lífeyriskerfisins en hér. En vissulega hafa auknar lífslíkur áhrif á okkar lífeyriskerfi líka.

Lífslíkur

Í sinni einföldustu mynd gengur tryggingafræðilegt mat út á það að ganga úr skugga um að eignir lífeyrissjóðsins muni standa undir skuldbindingum hans, það er að segja þeim réttindum sem sjóðfélagar hafa áunnið sér og framtíðarréttindum sem gert er ráð fyrir að virkir sjóðfélagar muni ávinna sér. Þar sem eftirlaunaréttindi í lífeyrissjóði eru ævilöng þarf að gera ráð fyrir í slíkum útreikningum hversu lengi lífeyrir verður greiddur, það er hversu lengi sjóðfélagar lifa að meðaltali. Þar liggja til grundvallar lífslíkur sjóðfélaganna sem eru taka mið af aldri og kyni. Meðallífaldur sjóðfélagahópsins hefur mikil áhrif á það hver skuldbindingin er. Ef hann hækkar þá þarf að gera ráð fyrir því að eftirlaun séu greidd lengur til hvers sjóðfélaga, skuldbinding eykst og annað af tvennu þarf að koma til svo ekki stefni í öfni. Að ná umframávöxtun sem er nægjanleg til að koma til móts við breytinguna eða breyta eftirlaunaréttindum.

Auknar lífslíkur, lækkandi dánartíðni og öldrun þjóða í hinum vestræna heimi er staðreynd dagsins í dag. Hversu lengi sú þróun mun halda áfram er hins vegar ávallt byggt á spá. Þær lífslíkur sem notast er við í dag byggja á framkomnum upplýsingum sem reynslan hefur sýnt okkur að breytast jafnt og þétt í átt að auknu langlífi í hvert sinn sem tölur eru uppfærðar. Á góðri íslensku má segja að við séum með því alltaf að bregðast við eftir á. Með því að taka upp lífslíkur byggðar á spá yrði í stað þess að horfa stöðugt í baksýnisþegilinn og leiðrétta okkur eftir á, horft til framtíðar með spá um lífslíkur. Sú aðferð hefur verið tekin upp í löndum í kring um okkur og þó svo að spá um eitt hvað sé alltaf það, spá, þá eru það bestu mögulegu upplýsingar sem við höfum í dag.

Í hverju felst breytingin

Við það að taka upp lífslíkur byggðar á spá og þar með réttustu upplýsingar sem við búum yfir er gert ráð fyrir auknum lífslíkum hjá vel flestum árgöngum, en ekki öllum. Áhrifin yrðu þá þau að eftirlaunaréttindi þarf að greiða út á lengri tíma, við það verða mánaðarlega eftirlaun vissulega lægri en mikilvægt er að hafa í huga að það er vegna þess að þau eru greidd út í fleiri ár. Gott getur verið að bera þetta saman við sparifé upp á 10 milljónir, verði það greitt út á 15 árum í stað 12 verður mánaðarleg greiðsla lægri en vissulega fær sparifjäreigandinn sínar 10 milljónir greiddar út. Hafa ber í huga að áhrifin eru misjöfn eftir árgöngum og afar litil, ef einhver, hjá elsta hópnunum. Þá getur stada ólíkra sjóða einnig haft áhrif, í þeim sjóðum þar sem góð ávöxtun undanfarin ár hefur

skilað jákvæðri tryggingafræðilegri stöðu skapast ákveðið mót-vægi við þessar breytingar.

Valfrelsi sjaldan mikilvægara

Valfrelsi í útgreiðslum lífeyrissparnaðar hefur verið aukið jafnt og þétt og með stækkandi eignahluta sjóðfélaga í viðbótarsparnaði eykst valfrelsið enn meira. Það er gott að vita til þess að sjóðfélagar hafa ávallt möguleikann á því að hefja greiðslu mánaðarlegra eftirlauna fyrr eða seinna og stýra þannig sjálfir að einhverju leyti tímallengd og fjárhæð þeirra. Til viðbótar kemur svo viðbótarlífeyrissparnaður hjá þeim sem hafa lagt fyrir í slíkan sparnað en útgreiðslum úr slíkum sparnaði getur sjóðfélagi stýrt alfarið sjálfur og þannig til dæmis tryggt að mánaðarleg framfærsla sé hærri fyrri hluta eftirlaunaára á meðan heilsan er að öllum líkindum betri og fjárbörfin meiri.

Engin veit sína ævina

Ekki liggur fyrir hvenær nýjstu spár um lífslíkur verða teknar upp og vissulega er ávallt um spá að ræða í þessum fræðum því engin veit sína ævina fyrr en öll er. Við getum hins vegar verið sammála um að í samfélagslega mikilvægu kerfi líkt og lífeyriskerfinu okkar sé ávallt farsælla að horfa til þeirra gagna og áætlana sem talin eru réttust á hverjum tíma og byggja þannig undir sjálfbært lífeyriskerfi til framtíðar þar sem gætt er að réttindum ólíkra kynslóða.

Höfundur er framkvæmdastjóri EFA og LSÍ.